



Latína í 6. A (LATÍ3BM13)

Námsáætlun skólaárið 2026-27

Stutt lýsing á áfanganum:

Kenndar eru sex stundir á viku. Eingöngu verða lesnir frumtextar eftir valda rómverska höfundar í skólaútgáfum; nemendur taka fyrstu skrefin í að kynna bókmenntum fornaldar með lestri texta og ítarlegum setningafræðilegum og efnislegum skýringum.

Kennslugögn:

Námsefni á haustmisseri:

Caesar de bello Gallico (fjölrit frá kennara)

Ljóð eftir Catullus (fjölrit frá kennara)

Ljóðabrot eftir Ovidius (fjölrit frá kennara)

Námsefni á vormisseri:

Cicero In Catilinam I (kaupa bók í Bóksölu stúdenta)

Texti að vali bekkjarins ef tími vinnst til (fjölrit frá kennara)

Miðaldalatína (fjölrit frá kennara)

Auk þessa Latnesk málfræði eftir Kristín Ármannsson og orðabækur frá því í 5. bekk.

Kennsluhættir:

Textar eru þýddir nákvæmlega, greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega. Fjallað verður um menningu og sögu Rómverja í tengslum við lesefni hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur stundi heimavinnu vel og komi undirbúnir í tíma.

Kennari:

Kolbrún Elfa Sigurðardóttir

Námsmat:

Vikulegar skriflegar æfingar, stílar og ólesnar þýðingar skiptast á. Nemendur mega nota orðabók **hæði** við stílaskrif og ólesnar þýðingar.

Tvö höfundapróf verða á hvoru misseri. Á haustmisseri verður tveggja kennslutíma próf úr De bello Gallico Caesars og eins tíma próf úr ljóðum Catullusar. Á vormisseri verður tveggja tíma próf úr In Catilinam Ciceros og eins tíma próf úr texta eftir höfund að vali bekkjarins. Í þessum prófum eru engin hjálpargögn leyfð.

Jólpróf í desember úr námsefni haustmisseris. Engin hjálpargögn leyfð.

Árseinkunn á stúdentsprófi (50%) byggir á þremur þáttum sem vega jafnt: a) meðaltali stíla og ólesinna þýðinga, b) meðaltali prófa og c) ástundun (mætingu, heimavinnu og virkni í tímum)

Prófseinkunn á stúdentsprófi (50%) byggir á þriggja tíma skriflegu prófi (65%) úr öllum lesnum frumtextum (lesin þýðing, greining, ólesin þýðing og stíll) og munnlegu prófi (35%) úr

öllum lesnum frumtextum til þýðingar og greiningar auk þess sem nemendur eiga að geta sagt frá ævi og verkum höfunda, nefnt bragarhætti ljóða og útskýrt texta efnislega. Leyfileg hjáþargögn á skriflegu stúdentsprófi: orðabækur.

Birt með fyrirvara um breytingar